
Jafnlaunakerfi – Ábyrgð og framkvæmd

Framkvæmd

Aðgerð **Úttak** **Ábyrgð og framkvæmd**



1. Mannauðsstjóri ber ábyrgð á að unnið sé eftir jafnlaunakerfi MAST við launaákvarðanir starfsmanna og sér til þess að nauðsynlegar úrbætur verði framkvæmdar á kerfinu eftir þörfum. Fagsviðsstjóri löggjafar á Stjórnsýslusviði vaktar lög og reglugerðir og breytingar á þeim en Mannauðsstjóri heldur utan um ýmsar aðrar kröfur sem MAST undirgengst til að ná markmiðum jafnlaunakerfisins svo sem kjarasamninga, dómsúrskurði og ÍST-85 staðal um jafnlaunakerfi. Hann vistar slík gögn á launadrifi (L-drifi) sem launafulltrúi hefur jafnframt aðgang að.

Mannauðsstjóri framkvæmir launagreiningu árlega og skulu niðurstöður þess liggja fyrir eigi síðar en við lok fyrsta ársfjórðungs. Launagreiningin skal unnin samkvæmt LBE-179 Jafnlaunaviðmið og launagreining. Að lokinni rýni stjórnenda sbr. VRF-041 vistar mannauðsstjóri skýrslu launagreiningar ásamt úrbótaáætlun á sameiginlegu drifi starfsmanna MAST S://Jafnlaunakerfi - Skjöl/ Launagreiningarskýrslur.

2. Leiði launagreining í ljós launamun á sömu og jafnverðmætum störfum skal hann leiðréttur, sé ekki málefnaleg skýring á muninum á grundvelli kjara- eða stofnanasamnings. Í slíkum tilvikum útbýr mannauðsstjóri ásamt forstjóra og sviðsstjóra rekstrar samantekt og tilmæli varðandi úrbætur sem vistuð er í möppu viðkomandi launagreiningar.

Áætlunin er lögð fyrir yfirstjórn sem vinnur tímasetta úrbótaáætlun. Ef við á færir Mannauðsstjóri breytingar á launum á EBL-068 fyrir hvern starfsmann sem áætlunin nær til og vistar undir möppu starfsmannsins á launadrifi (L-drifi). Mannauðsstjóri sendir beiðni um breytingu á launum til launafulltrúa með tölvupósti. Niðurstöður eru kynntar fyrir jafnréttisfulltrúa og starfsmönnum MAST.